

Ítalska tónskáldið og fiðluleikarinn **Francesco Geminiani** (1687–1762) var lærisveinn Corellis og Scarlattis. Líkt og Händel flutti hann til London 1714 þar sem hann naut virðingar sem fiðlusnillingur, tónskáld og kennari. Helstu tónsmíðar hans eru einleikssónötur fyrir ýmis hljóðfæri og fjöldi af tónverkum skrifuðum í *concerto grosso* stíl. Þrátt fyrir að tónsmíðar Corellis hafi verið Geminiani fyrirmynd þykja verk hans vera tilfinningaríkari, fjölbreyttari og notkun á krómatík meiri.

Adam Vaclav Michna frá Otradovic var tékkneskt tónskáld og ljóðskáld, fæddur um 1600. Eins og Zelenka, stundaði hann nám í skóla Jesuita sem voru mjög leiðandi í tónlistariðkun og tónlistarkennslu Tékklands á 17. og 18. öld. Jesuitarnir mátu tónsmíðar Michna mikils og prentuðu fjölda verka hans. Tónlist hans var nátengd þjóðlagatónlistinni þrátt fyrir að vera nær eingöngu kirkjuleg verk. *Mariánská musika* eru sálmalög samin við trúarleg ljóð Michna sjálfs.

Jiří Bezděk er, eins og félagarnir í *Musica ad Gaudium*, frá Pilze í Tékklandi. Hann stundaði nám í harmonikkuleik við tónlistarháskólann í Pilze og síðar tónsmíðar og tónlistarfræði við tónlistarakademíuna og Karls háskólann í Prag. Eftir Bezděk liggur fjöldi verka sem hafa verið flutt víða um Evrópu og Bandaríkin. Hann er einnig mjög eftirsóttur fyrirlesari í tónlistarháskólum og á tónlistarhátíðum. *Musica ad Gaudium* hefur átt mjög náð samstarf við Jiří Bezděk og hefur hann samið mörg verk fyrir þau.

Menntamálaráðuneytið styrkir tónleikana

*Sérstakar þakkir eru færðar Tónlistarskólanum í Reykjavík
fyrir lán á sembal*

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Musica ad Gaudium

Andrea Brozáková sópran
Alena Tichá semballeikari
Jaromír Tichý flautuleikari
Václav Kapusta fagottleikari
gestur:
Eydís Franzdóttir óbóleikari



Þriðjudaginn 27. júlí 2004 kl. 20:30

Josef Antonín Plánický fæddist í Manětín í Tékklandi 1691. Faðir hans sem bæði var kennari og organisti í Manětín sá um tónlistarkennslu sonar síns. Árið 1722 var Plánický ráðinn sem tenórsöngvari og hljóðfærалеikari við hirð hertogans af Freising í Bæjaralandi. Þar var hann einnig mikils metinn sem tónskáld og var fenginn til að semja óperu í tilefni 1000 ára ártíðar hertogans. Ásamt flestum öðrum verkum Plánický er óperan glötuð. Einu verk hans sem hafa varðveist eru tólf sóló mótettur *Opella ecclesiastica* samdar í Augsburg 1723. *Opella secunda* er ein þeirra.

Jan Dismas Zelenka er eitt þekktasta barokktónskáld Tékkna, oft líkt við J.S. Bach. Hann var fæddur í smábænum Lounovice 1679, sonur kórstjóra og organista bæjarins sem sá um tónlistarmenntun sonar síns áður en hann var sendur í Jesuita skólann Clementium í Prag. Tengsl Zelenka við þá stofnun voru ætíð sterk og samdi hann fjölda verka fyrir skólann. Árið 1710 var hann ráðinn tónlistarstjóri í Dresden og gegndi því starfi til dauðadags árið 1745. Það skal því engann undra að flest verka Zelenka eru kirkjuverk samin til flutnings í Dresden. Á árunum 1715–1719 fékk Zelenka leyfi frá störfum sem hann nýtti sér til að sækja nám hjá Fux í Vín og Lotti og Scarlatti á Ítalíu. Í upphafi þess tímabils samdi hann sex tríósónötur og er sónatan sem hér er flutt ein þeirra.

Jan Pieterzoon Sweelinck fæddist í Oude Kerk í Amsterdam 1562. Forfeður hans voru organistar langt aftur í ættir og fetaði hann í fótspor þeirra. Sweelinck þótti einkar hæfileikaríkur í að spinna tónlist jafnt á orgel sem sembal, svo góður að stolt yfirvöld í Amsterdam komu með mikilvæga gesti til Oude Kerk til að hlusta á meistaran.

George Frideric Händel var einn af helstu meisturum barokktónlistarinnar. Ungur réðst hann sem fiðluleikari við óperuhljómsveitina í Hamborg en þar voru tvær fyrstu óperur hans fluttar við mikla hrifningu. Ítalía heillaði óperutónskáldið unga og árin 1706–1710 dvaldi hann þar til að kynna sér ítalskan óperustíl. Á þeim árum samdi hann kantötuna *Tu fedel, tu costante*. Eftir að hafa tekið við stöðu organista í Hannover kynntist Händel áhuga Bretanna á ítölskum óperum. Ópera hans *Rinaldo* var flutt í London við mikinn fögnuð og í kjölfarið, eða frá 1712, dvaldi Händel í Bretlandi þar sem hann samdi flest helstu verk sín. Þótt stórar óperur og óratóríur hafi átt hug hans samdi hann einnig smærri verk. Þar á meðal samdi hann 12 þýskar aríur á árunum 1724–26 og er *Das zitternde Glänzen der spielenden Wellen* ein þeirra. Hver þeirra er fyrir söngródd, einleikshljóðfæri og bassafylgiródd.

Efnisskrá

Josef Antonín Plánický 1691 – 1732	Opella secunda fyrir sópran, flautu og bassafylgiródd <i>Recitativo – Aria</i>
Jan Dismas Zelenka 1679 – 1745	Tríósónata í g-moll fyrir flautu, óbó, fagott og sembal <i>Andante – Allegro – Andante – Allegro</i>
Jan Pieterzoon Sweelinck 1562 – 1621	Tocatta í a-moll fyrir sembal
George Frideric Händel 1685 – 1759	Das zitternde Glänzen der spielenden Wellen Aría fyrir sópran, óbó og bassafylgiródd
Francesco Geminiani 1687 – 1762	Sónata í C-moll fyrir fagott og bassafylgiródd <i>Andante – Allegro – Affetuoso – Allegro</i>
Adam Vaclav Michna frá Otradovic ca 1600 – 1676	Mariánská musika Fjögur sönglög fyrir sópran, tvær blokkflautur og sembal
Jiří Bezděk f. 1961	Atmosfery fyrir sembal <i>Harmonie I – Bas – Harmonie II</i>
George Frideric Händel 1685 – 1759	Tu fedel, tu costante Kantata fyrir sópran, flautu, óbó og bassafylgiródd <i>Allegro</i> <i>Recitativ</i> <i>Un poco allegro – Recitativ</i> <i>Allegretto – Recitativ</i> <i>Allegro – Recitativ</i> <i>Allegretto</i>

Musica ad Gaudium

Tékkneski tónlistarhópurinn *Musica ad Gaudium* var stofnaður 1989 og sérhæfir sig í flutningi tónlistar frá endurreisnar- og barokktímanum. Hann er mikilsvirtur á því sviði, heldur oft tónleika heima sem erlendis, hefur oft leikið fyrir tékkneska útvarpið og hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn.

Musica ad Gaudium skipa: Andrea Brozáková sópran, Alena Tichá semballeikari, Jaromír Tichý flautuleikari og Václav Kapusta fagottleikari. Öll taka þau einnig virkan þátt í hinu fjölbreytta tónlistarlífi Tékklands sem einleikarar, í hljómsveitar- og kammertónlist og sem kennarar. Hópurinn hefur um nokkurra ára skeið staðið fyrir tónleikaröð í Ráðhúsinu í Pilze þar sem þau bjóða til sín gesti hverju sinni. Á tónleikum þeirra haustið 2002 var Eydís Franzdóttir óbóleikari gestur þeirra.

Andrea Brozáková sópransöngkona, lærði við tónlistarháskólana í Pilze og Prag í Tékklandi. Árið 1993 var hún fastráðin við Óperuhúsið í Pilze þar sem hún hefur sungið fjölda hlutverka. Andrea Brozáková hefur einnig leitast við að flytja tónlist frá barokk- og endurreisnar-tímabilinu og hefur hlotið mikið lof fyrir söng sinn á því sviði.

Alena Tichá semballeikari hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn og er mjög eftirsótt í heimalandi sínu, Tékklandi, bæði sem einleikari og í samleik. Hún nam semballeik við tónlistarháskólana í Pilze og Prag í Tékklandi, auk þess að sækja námskeið í Sviss, Frakklandi og Þýskalandi. Alena Tichá er nú prófessor við Tónlistarháskólann í Pilze .

Jaromír Tichý flautuleikari er stofnandi og aðalskipuleggjandi *Musica ad Gaudium*. Hann var flautuleikari tékknesku útvarpshljómsveitarinnar í Pilze á árunum 1984 –1998, en hefur síðan einbeitt sér að flutningi kammertónlistar með *Musica ad Gaudium* og *Piazzolla's Soloists* sem hann stofnaði 1998. Jaromír Tichý leikur jöfnum höndum á þverflautu og blokkflautu. Hann stundaði nám við Tónlistarháskólann í Pilze og hefur sótt námskeið víðsvegar um Evrópu.

Václav Kapusta er fagottleikari við Fílharmoníuhljómsveitina í Pilze (áður Tékknesku Útvarpshljómsveitina) og leikur einnig með óperuhljómsveitinni þar í borg. Hann hefur mikinn áhuga á að flytja eldri tónlist og hefur verið meðlimur í barokkhópunum *Cantories Clatovienses*, *Barock Musik Collegium Sušice* og í *Musica ad Gaudium*.

Eydís Franzdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1987 og stundaði framhaldsnám í London. Hún lék um skeið með samevrópsku hljómsveitinni *Acadya*, og var síðar ráðin fyrsti óbóleikari Tékknesku Útvarpshljómsveitarinnar í Pilze þar sem hún lék um tveggja ára skeið. Eydís hefur komið fram á tónleikum víða um Evrópu, Norður-Ameríku og á Íslandi. Hún er m.a. meðlimur í *Caput*-hópnum og skipuleggjandi og óbóleikari *Poulenc*-hópsins. Eydís lék oft sem gestur með *Musica ad Gaudium* á árunum sem hún starfaði í Tékklandi. Haustið 2002 hófst samstarf þeirra að nýju er hópurinn bauð henni að vera gestur þeirra á tónleikum í Ráðhúsinu í Pilze .

The Czech music ensemble *Musica ad Gaudium* was founded 1989. The ensemble has specialized in performance of renaissance and baroque music being very highly thought of in that field. They give frequently concerts in the Czech Republic and the neighbour countries as well as doing regularly recordings for the Czech Radio.

The members of *Musica ad Gaudium* are Andrea Brozáková, soprano, Alena Tichá, harpsichord, Jaromír Tichý, flutes and Václav Kapusta, bassoon. As well as playing with *Musica ad Gaudium* they are all active in the variable Czech music live as soloists, orchestral and chamber music players and music teachers. For some years the ensemble has given series of concerts at the town hall in their hometown Pilze to which they each time invite a guest musician to join them. In the autumn 2002 their guest was the Icelandic oboist Eydís Franzdóttir, who also is joining them now.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*